


VMSTV/0010

Seiðabúskapur Straumfjarðarar
árið 2000

Sigurður Már Einarsson
Þórólfur Antonsson

október 2000



Veiðimálastofnun
Institute of Freshwater Fisheries

Efnisyfirlit

Bls

Inngangur

1

Frankvæmd

1

Niðurstöður

2

 Seiðabúskapur

2

 Laxveiðin

2

Umræður

3

Heimildaskrá

4

Töflur og myndir

5

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir rannsókn á seiðabúskap Straumfjarðarár sem fram fór haustið 2000 að beiðni veiðifélags árinna. Auk athugana á seiðabúskap er gerð grein fyrir laxveiðinni sumarið 2000.

Nokkrar rannsóknir hafa farið fram á laxastofni Straumfjarðarár. Árin 1986 – 1990 fóru fram árlegar vöktunarrannsóknir á seiðabúskap (Sigurður Már Einarsson 1987, 1988, 1989, 1990a og 1990b). Auk þess voru skilyrði til ræktunar árinna könnuð (Sigurður Már Einarsson 1987) og tilraunir gerðar með sleppingar á sumaröldum laxaseiðum á búsvæði ofan fossa (Sigurður Már Einarsson 1993). Straumfjarðarár var ennfremur ein af tilraunaám sem valin var til að kanna árangur af sleppingum sumaralinn laxaseiða á ófiskgeng ársvæði (Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2000). Þá hafa rannsóknir farið fram á fiskræktarmöguleikum m.t.t. fiskvegagerðar við Dalsfoss (Vífill Oddsson 1995) og við fossinn Rjúkanda (Sigurður Már Einarsson 1999).

Staðhátum og umhverfi við Straumfjarðará hefur áður verið ítarlega lýst (Sigurður Már Einarsson 1999).

Framkvæmd

Athuganir voru gerðar á fjórum stöðum í Straumfjarðará með rafveiðum (tafla 1, mynd 1) þann 19. september árið 2000. Efsta stöðin er um 500 m. ofan við Dalsfoss, stöð 2 um 400 m ofan við þjóðveginn, stöð 3 um 200 m fyrir neðan gömlu brúna og stöð 4 er um 500 m ofan við ós árinna.

Veidd var ein umferð á hverri stöð. Flatarmál stöðva var mælt og öll seiði talin og greind til tegunda. Öll seiði voru lengdarmæld (cm) frá snoppu að sporðsýlingu með 0,1 cm nákvæmni. Hluti seiðanna var þyngdarmældur. Af nokkrum seiðum á hverri stöð var tekið hreistur og kvarnir til aldursákvörðunar. Þéttleiki seiða var reiknaður eftir aldri og stöðvum á hverja 100 m² botnflatar. Með þessari aðferð er reiknuð eins konar vísitala á seiðapéttleikann og er sú aðferð sem algengast er að nota í sambærilegum athugunum hérlendis. Þá voru meðallengdir í cm seiða reiknaðar fyrir hvern aldurshóp eftir stöðvum og fyrir ána í heild.

Sumaröldum laxaseiðum var sleppt í Straumfjarðará árið 2000 á búsvæði ofan við Rjúkanda. Slíkar sleppingar hafa verið gerðar um árabil í ána.

Stangveiðin var skráð í veiðibækur að venju, þar sem lengd, þyngd, kyn og veiðidagur eru skráð fyrir einstaka fiska.

Niðurstöður

Seiðabúskapur

Lax reyndist ríkjandi tegund í Straumfjarðará, en aðeins varð vart við urriðaseiði á efstu stöðinni (tafla 2). Í seiðarannsóknunum veiddust laxaseiði á aldrinum 0+, 1+ og 2+, en engin eldri seiði komu fram (tafla 2).

Þéttleiki laxaseiða var frá 6,1 – 27,6 seiði á 100 m², en mældist að meðaltali 11,9 seiði á 100 m². Flest seiði á flatareiningu veiddust á stöð 3, en fæst á stöð 4. Vorgömul (0+) laxaseiði fundust á öllum veiðistöðum og reiknaðist þéttleiki þeirra að meðaltali 3,6 á 100 m² og var frá 1,2 – 7,4 seiði á 100 m² (tafla 2), og var þéttleikinn hlutfallslega hæstur á stöð 3. Fjöldi eins árs seiða (1+) var að meðaltali 6,0 á 100 m², eða allt frá 3,0 – 15,3 á 100 m². Athyglisvert er að þessi árgangur (hrygning 1998) virðist fremur lélegur á stöð 1 sem er fyrir ofan Dalsfossinn. Tveggja ára seiði (2+) voru að meðaltali 2,3 á hverja 100 m² og sveiflaðist fjöldi þeirra allt frá 0 – 4,9 á 100 m², en mestur fjöldi þeirri veiddist á stöð 3 (tafla 2).

Árin 1986 – 1990 var mældist þéttleiki laxaseiða í Straumfjarðará allt frá 7,4 – 14,9 seiði/100 m². Þéttleiki laxaseiða í Straumfjarðará árið 2000 er því mjög svipaður og komið hefur áður fram í fyrri rannsóknum á ánni.

Lengdardreifing laxaseiðanna var frá 3,4 – 12,3 cm (tafla 3, mynd 2). Meðallengd vorgömlu seiðanna var 4,1 cm og var frá 3,9 – 4,7 cm eftir veiðistöðum (tafla 3). Meðalengd 1 árs seiða var 6,5 cm og var frá 6,0 – 7,5 cm eftir veiðistöðum. Meðallengd 2 ára seiða var 10,3 cm. Almennt var tilhneiging í þá átt að vöxtur seiða var bestur efst á fiskgenga hlutanum, en var lakari er neðar dró í ánni. Á neðstu stöðunni fór vöxturinn batnandi á ný (tafla 3).

Laxveiðin

Alls veiddust 198 laxar, 35 bleikjur og 9 urriðar í Straumfjarðará árið 2000. Laxveiðin fór rólega af stað, en afli var síðan framar jöfn frá 4 – 9 viku veiðitímans (mynd 3). Mest veiddist í 6 viku (22 – 28. júlí) eða 40 laxar. Verulega dró úr veiðinni um haustið, en í lok veiðitímans veiddist nokkuð af silungi (mynd 3).

Af 198 löxum voru hrygnur 102 (51,5%), hængar 94 (47,3%) en ókyngreindir 2(1,0%). Meðalþyngd hænga var 2,5 kg en hrygna 2,4 kg (mynd 4). Hængar voru frá 1,5 – 4 kg að þyngd, en hrygnur frá 1,0 – 6,0 kg að þyngd.

Lax sem dvalið hafði eitt ár í sjó (smálax) var meginhluti aflans (95,6%), en tveggja ára lax (stórlax) var hverfandi eða 4,4%. Einungis 8 stórlaxar veiddust í ánni. Meðalþyngd ársfiska var 2,4 kg, en tveggja ára fiska 4,4 kg.

Sú þróun er að eiga sér stað í íslenskum ám að fjöldi tveggja ára laxa úr sjó (stórlaxa) fer hlutfallslega minnkandi. Straumfjarðará fer ekki varhluta af þessari þróun (mynd 4). Hlutfall eins árs og tveggja ára laxa úr árgöngum gönguseiða sem fóru til sjávar árin 1986 – 1998 var kannað (mynd 4) samkvæmt veiðiskýrslum (Guðni Guðbergsson 2000). Eins árs lax úr sjó er ríkjandi í veiðinni í Straumfjarðará eins og í öðrum ám á Vesturlandi og var framan af tímabilinu um 80%. Síðustu árin fer hlutfall eins árs laxa enn hækkandi og stórlax árið 2000 er þannig hverfandi í veiðinni (mynd 4).

Laxveiðin í Straumfjarðará árið 2000 er með allra slökustu veiðiárum (mynd 5) sem komið hafa í ánni. Á síðari árum hefur aðeins einu sinni orðið minni veiði ánni, en það var árið 1987 (mynd 5).

Umræður

Laxveiðin árið 2000 varð mjög slök í Straumfjarðará. Sama gildir almennt um laxveiðina árið 2000 í íslenskum vatnsföllum. Laxveiði á stöng árið 2000 varð um 15% minni en veiðin árið 1999 og varð um 20% undir meðalveiði árána 1974 – 1999. Sérstaklega varð veiðin slök á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi – vestra. Skýringar á slakri veiði liggja ekki í augum uppi. Ljóst er þó að hlutfallslegur fjöldi laxa sem skilar sér eftir tvö ár í sjó fer sífellt lækkandi (Sigurður Guðjónsson o.fl. 1995) og virðast sambærilegir hlutir vera að gerast í flestum öðrum löndum við Norður-Atlantshaf þar sem lax er að finna (Anon 1999). Fjöldi eins árs laxa reið þó baggamuninn og varð mun minni en búist var við. Líklegt er að skýringa sé einkum að leita í sjávardvöl laxins og er afar mikilvægt að rannsóknir á farleiðum og beitarsvæðum íslenskra laxastofna hefjist sem fyrst. Laxgengd hverju sinni er háð fjölda sjögönguseiða sem viðkomandi vatnsfall framleiðir og endurheimtur þeirra úr sjó. Í Straumfjarðará hafa rannsóknir á seiðabúskap ekki verið framkvæmdar undanfarin ár, en niðurstöður vegna ársins 2000

benda til að svipað seiðaástand ríki í ánni og áður hefur þekkt í ánni. Bent er einnig á að þar sem fluguveiði er nú eingöngu leyfð í ánni kann það að leiða til þess að minna hlutfall af þeim laxi sem gengur í ána veiðist á stöng.

Vöxtur laxaseiða í Straumfjarðará er góður og framleiðir áin sjógönguseiði aðallega á þremur árum. Niðurstöður sýna að vöxturinn batnar er ofar dregur í ána. Líklegt er að það megi tengja auknum áhrifum Baulárvallavatns á lífríki árinna, en stöðuvatnið jafnar rennslið og hitafarið, auk þess sem lífrænt rek úr vatninu hefur jákvæð áhrif á framleiðslu fæðudýra sem laxaseiðin lifa á.

Á veiðistað milli Dalsfoss og Rjúkandafoss kom fram lélegur árgangur í ánni frá hrygningu árið 1998. Mikilvægt er að þetta svæði nýtist sem best til seiðaframleiðslu hverju sinni. Í rannsókn sem gerð var á búsvæðum árinna (Sigurður Már Einarsson 1999) kom fram að þetta svæði er um 2 km að lengd og áætlað að svæðið stæði undir 13 % af framleiðslugetu Straumfjarðará frá ós að Rjúkandafossi. Sum árin virðist lítið af laxi ganga upp á svæðið, þar sem Dalsfossinn er veruleg hindrun fyrir laxinn. Nú mun ætlunin að setja fiskveg í Dalsfossinn og er mikilvægt að fylgjast vel með því hvernig svæðið nýtist til seiðaframleiðslu og veiða.

Heimildaskrá

Anon 1999. Report of the working group on North Atlantic salmon. ICES CM 2000/ACFM:13, 301 bls.

Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson, Þórólfur Antonsson og Guðni Guðbergsson 1995. Relation of grilse to salmon ratio to environmental changes in several wild stocks of Atlantic salmon. Can. J. Fish. Aquat. Sci. 52: 1385-1398.

Sigurður Már Einarsson 1987. Laxarannsóknir í Straumfjarðará 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/87008. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1988. Fiskirannsóknir í Straumfjarðará 1987. Skýrsla veiðimálastofnunar. VMST-V/88014X. 7 bls.

Sigurður Már Einarsson 1989. Vatnakerfi Straumfjarðará. Fiskirannsóknir 1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/89002X. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1990a. Straumfjarðará. Fiskirannsóknir 1989. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/89009X. 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1990b. Straumfjarðará. Fiskirannsóknir 1990. Veiðimálastofnun. Borgarnesi. VMST-V/90015X. 9 bls.

Sigurður Már Einarsson 1993. Endurheimtur sumarialinna laxaseiða í Straumfjarðará. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-V/93005X. 8 bls.

Sigurður Már Einarsson 1999. Möguleikar á gerð fiskvegar í Rjúkandafossi í Straumfjarðará. Veidimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/99017. 13 bls.

Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2000. Fiskræktartilraunir. Slepningar sumarialinna laxaseiða í Straumfjarðará, Vatnsdalsá og Hofsa. Veidimálastofnun. Reykjavík. VMST-R/0010. 17 bls.

Vífill Oddsson 1995. Fiskvegur í Dalsfoss í Straumfjarðará. Handrit. 3 bls.

Tölur og myndir

Tafla 1. Staðsetning og lýsing á rafveiðistöðum í Straumfjarðará 19. september árið 2000.

Stöð	Svæði m ²	Botngerðarflokkar (%)					Staðsetning (GBS)
		Leir 0-1	Möl 1-7	Smágr 7-20	Stórgr > 20	Klöpp	
1	165	0	10	30	0	60	N:64°52.139 W: 22°46.437
2	278	5	75	20	0	0	N: 64°59.785 W: 22°45.822
3	163	0	30	70	0	0	N: 64°50.446 W: 22°44.877
4	246	10	45	45	0	0	N: 64°49.861 W: 22°42.311
Allar	852						

Tafla 2. Þéttleiki laxfiskaseiða (fjöldi í einni umferð á 100 m²) í Straumfjarðará á Snæfellsnesi 22. september 2000.


Stöð	Svæði m ²	Lax				Urriði
		0+	1+	2+	Alls	
1	165	6,7	3,0	4,2	13,9	1,2
2	278	1,8	3,2	1,8	6,8	
3	163	7,4	15,3	4,9	27,6	
4	246	1,2	4,9	0,0	6,1	
Allar	852	3,6	6,0	2,3	11,9	

Tafla 3. Meðallengdir laxaseiða (cm) eftir stöðvum og aldri í Straumfjarðará 22. september 2000. Fjöldi (n) í hóp og staðalfrávik (sd) á meðaltalið er gefið.






Stöð	0+			1+			2+		
	ml	n	sd	ml	n	sd	ml	n	sd
1	4,0	11	0,23	7,9	5	0,94	11,7	7	0,57
2	4,5	5	0,26	6,7	9	0,57	9,9	5	0,21
3	3,9	12	0,23	6,0	25	0,50	9,5	8	0,76
4	4,7	3	0,29	7,0	12	0,67			
Allar	4,1	31	0,35	6,5	51	0,86	10,3	20	1,14

Tafla 4. Þéttleiki laxaseiða í Straumfjarðará á Snæfellsnesi árin 1986 – 1990 og árið 2000.


Ár	Fjöldi stöðva	Svæði m ²	Fjöldi í einni umferð / 100 m ²				
			0+	1+	2+	3+	Alls
1986	6	2329	2,4	7,0	1,7	0,0	11,2
1987	6	2163	6,1	6,9	1,9	0,0	14,9
1988	6	1901	3,6	8,0	1,3	0,2	13,0
1989	5	2846	0,7	3,0	3,1	0,6	7,4
1990	4	2141	1,0	3,0	4,4	0,9	9,3
2000	4	852	3,6	6,0	2,3	0,0	11,9




Mynd 1. Kort af vatnasvæði Straumfjarðarár




Mynd 2. Aldur og lengd laxaseiða í Straumfjarðará haustið 2000.



Mynd 3. Vikuleg stangveiði í Straumfjarðará árið 2000 eftir tegundum.



Mynd 4. Þyngdardreifing laxa eftir kynjum í Straumfjarðará árið 2000.



Mynd 5. Laxveiði í Starumfjarðarár 1974 – 2000.